

Hafnarfjarðarbær
Bjarki Jóhannesson
Strandgata 8-10
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 11. desember 2013
Tilvísun:201311052 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, athafnasvæði við Selhraun

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar dags. 27. nóvember 2013, þar sem tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 er send Skipulagsstofnun til athugunar samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var samþykkt í sveitarstjórn þann 27. nóvember 2013 til auglýsingar samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga.

Skipulagstillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:15.000, dags. 7. október 2013. Greinargerð er á uppdrætti.

Í breytingartillögunni felst að breyta landnotkun á svæði norðan Ásbrautar milli Tjarnarvalla og Selhellu úr blandaðri notkun stofnanasvæðis og opins svæðis til sérstakra nota í athafnasvæði.

Skipulagsstofnun fékk lýsingu til umsagnar og gerði ekki athugasemdir við hana sbr. bréf stofnunarinnar dags. 15. nóvember 2013. Aðalskipulagstillagan var kynnt á almennum fundi 18. nóvember 2013, sbr. auglýsingu úr Fréttablaðinu dags. 15. nóvember 2013.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga.


Hlynur Torfi Torfason